

## AUGLÝSING

### um breytingu á lágmarksupphæð stofnfjár sjóðs eða stofnunar sem starfar samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Samkvæmt 2. gr. laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988 skal stofnfé sjóðs eða stofnunar árið 2005 vera 621.000 kr. hið minnsta. Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 3. janúar 2005.*

F. h. r.

**Hjalti Zóphóníasson.**

---

*Bryndís Helgadóttir.*

## AUGLÝSING

### fjármálaráðherra um álagningu opinberra gjalda á árinu 2005.

1. gr.

Skattstjórar skulu eigi síðar en 29. júlí 2005 hafa lokið álagningu opinberra gjalda á menn. Álagningu lögaðila skal vera lokið eigi síðar en 31. október 2005. Álagningu á lög- aðila sem fengið hafa heimild til að hafa annað reikningsár til skattskila en almanaksárið skal lokið eigi síðar en sex mánuðum eftir að því reikningsári lýkur.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er með heimild í 93. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytinu, 3. janúar 2005.*

F. h. r.

**Marianna Jónasdóttir.**

---

*Guðmundur Thorlacius.*